



Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

FUNDUR - 13. desember 2005

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 82. fundar þriðjudaginn 13. desember 2005 kl. 17:00 á bæjarskrifstofu. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Mætt eru undirrituð.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2006 – fyrirtæki og stofnanir – síðari umræða.
2. Fundargerð bæjarráðs frá 30. nóvember.
3. Fundargerð bæjarráðs frá 7. desember.
4. Fundargerð bæjarráðs frá 9. desember.
5. Fundargerð húsnæðisnefndar frá 30. nóvember.
6. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 6. desember.

Afgreiðslur:

Forseti óskaði eftir því að upp verði tekinn liðurinn önnur mál. Fundurinn samþykkti það.

1. Fjárhagsáætlun 2006 – fyrirtæki og stofnanir – síðari umræða.
Jóna Fanney bæjarstjóri, fór yfir áætlunina og skýrði breytingar er orðið hafa frá fyrri umræðu. Talsverðar umræður urðu um áætlunina. Fram var lögð svohljóðandi tillaga. *“Bæjarstjórn felur bæjarstjóra að gera eftirfarandi breytingar á fyrirliggjandi drögum að fjárhagsáætlun 2006,*
 - *Hækkun jöfnunarsjóðs 4 millj. Króna.*
 - *Aukið framlag til atvinnumála 1 millj. króna.*
 - *Framlag til sjóvarna 1,5 millj. króna.*
 - *Eignasala, lækkun um 11 millj. króna”.*Tillagan borin undir atkvæði. Hún var samþykkt með 5 atkv., 2 sátu hjá. Þá bar forseti upp fjárhagsáætlun 2006 með áorðnum breytingum. Hún var samþykkt með 5 atkv., 2 sátu hjá.
2. Fundargerð bæjarráðs 144 fundar frá 30. nóvember í 4 liðum kynnt og tekin til afgreiðslu. Svohljóðandi tillaga lögð fram.
“Fram lagt kauptilboð frá Lögmannsstofu Stefáns Ólafssonar ehf. í skrifstofuhúsnæði sveitarfélagsins að Þverbraut 1, 2 hæð dags. 13. desember 2005. Boðnar eru 9,5 milljónir í 180,9 m² rými. Bæjarstjórn samþykkir að fela bæjarstjóra að gera kaupsamning við Lögmannsstofuna á grundvelli fyrirliggjandi kauptilboðs”.
Tillagan borin undir atkv.. Hún var samþykkt með 5 atkv., 2 voru á móti Þá var fundargerðin borin upp að öðru leyti, hún var samþykkt með 7 atkv. samhljóða.
3. Fundargerð 145. fundar bæjarráðs í 4 liðum frá 7. desember kynnt og tekin til afgreiðslu. Fram var lögð tillaga vegna 4. liðar a, svohljóðandi.
“Oddvitar framboðslista myndi starfshóp er endurskoði stjórn og fundarsköp Blönduóssbæjar”. Tillagan borin upp og samþykkt með 7 atkv. samhljóða. Þá bar forseti upp fundargerðina, hún var samþykkt með 7 atkv. samhljóða.
4. Fundargerð 146. fundar bæjarráðs í 2 liðum frá 9. desember kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp, Sigurður Jóhannesson og Jóhanna

G. Jónasdóttir sitja hjá við afgreiðslu 1. liðar, að öðru leyti var fundargerðin samþykkt með 7 atkv. samhljóða.

5. Fundargerð húsnæðisnefndar í 2 liðum frá 30. nóvember kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp, hún var samþykkt með 7 atkv. samhljóða.
6. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar í 5 liðum frá 6. desember kynnt og tekin til afgreiðslu. Tillaga kom fram um að *“hafna stöðuleyfi fyrir gám samkvæmt 3 lið”*. Tillagan samþykkt með 7 atkv. samhljóða. Þá var fundargerðin borin upp að öðru leyti, hún var samþykkt með 7 atkv. samhljóða.
7. Önnur mál.
 - a. Fundargerð hafnar- og veitunefndar í 4 liðum frá 12. desember kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkv. samhljóða.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:00.

Valgarður Hilmarsson
 Jóna Fanney Friðriksdóttir
 Þórdís Hjálmarsdóttir
 Ágúst Þór Bragason
 Jóhanna G. Jónasdóttir
 Guðmundur Ingbórsson
 Helga Jónína Andrésdóttir
 Sigurður Jóhannesson

Ragnar Ingi Tómasson